



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent á netfangið umsagnir@althingi.is

### Umsögn um mál nr. 923

Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019 (smáfarartæki o.fl)

Með tölvupósti frá nefnda- og greiningasviði Alþingis 22. apríl. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019, lagt fram á 154. löggjafarþingi 2023-2024 sem þingskjal 1368 – 923. mál.

Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á umferðarlögum sem byggðar eru á tillögum starfshóps innviðaráðuneytis um smáfarartæki, og sat fulltrúi Vegagerðarinnar í þeim starfshópi.

Vegagerðin telur að tillögur sem fram koma í frumvarpinu og snúa að smáfarartækjum séu til bóta og muni stuðla að auknu umferðaröryggi og er því hlynnt lögfestingu frumvarpsins með eftirfarandi athugasemdum/breytingum:

#### A. Við 1. gr. frumvarpsins bætist við eftirfarandi:

Á eftir orðinu *reiðhjóla* í 21. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist við „smáfarartækja“

Á eftir orðinu *reiðhjóla* í a. lið 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist við „smáfarartækja“

Á eftir orðinu *reiðhjóla* í b. lið 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist við „smáfarartækja“

Á eftir orðinu *reiðhjóla* í 32. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist við „smáfarartækja“

Tillögurnar fela í sér að 21. tölul. 1. mgr. 3. gr. orðist á eftirfarandi hátt:

*Hjólarein:* Sérrein á götustæði sem ætluð er umferð reiðhjóla, smáfarartækja og léttra bifhjóla í flokki I og merkt þannig.

Og a. og b. liðir 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. orðist á eftirfarandi hátt:

*Hjólástígur:*

a. Sá hluti vegar sem eingöngu er ætlaður umferð reiðhjóla, smáfarartækja og léttra bifhjóla í flokki I, er merktur þannig og er greinilega aðskilinn frá akbraut, t.d. með umferðareyju eða kantsteini.

b. Stígur sem er ekki hluti vegar og eingöngu ætlaður umferð reiðhjóla, smáfarartækja og léttra bifhjóla í flokki I og er merktur þannig.

Þá mun 32. tölul. 1. mgr. 3. gr. orðast á eftirfarandi hátt:

*Sérrein:* Akrein sem einungis er ætluð ákveðinni tegund umferðar, einni eða fleiri, svo sem akstri hópþifreiða í almenningsakstri, leigubifreiða, ökutækja með ákveðinn lágmarksfjölda farþega, reiðhjóla, smáfarartækja og léttra bifhjóla í flokki I, sem umferðarmerki gefa til kynna.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um nýjan flokk ökutækja, smáfarartæki, og verður því að gæta samræmis við breytingar á umferðarlögunum í heild sinni. Líkt og segir í 2. gr. breytingarlaganna munu ákvæði umferðarlaga um reiðhjól og hjólreiðamenn einnig eiga við um smáfarartæki og ökumenn þeirra, nema annað sé tekið fram. Samkvæmt því verður að ætla að umferð smáfarartækja verði einkum á hjólareinum og/eða hjólastígum, sbr. 21. og 22. tölul. 1. mgr. 3. gr., og verður því að breyta þeim tölulíðum í samræmi við það, sem og 32. tölul. sömu greinar.

#### **B. Við 2. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi:**

-----  
Síða 2/3

Á eftir orðinu *reiðhjól* í 6. mgr. 42. gr. bætist og *smáfarartæki*.

Tillagan felur í sér að 6. mgr. 42. gr. laganna orðist á eftirfarandi hátt:

Ganga skal þannig frá reiðhjól og smáfarartæki sem er lagt að eigi stafi hætta eða truflun af.

Í frumvarpinu er lagt til að fyrirsögn 42. gr. verði *Sérreglur fyrir reiðhjól og smáfarartæki*. Framangreind breytingatillaga er því í samræmi við efnissvið 42. gr. eins og því er breytt verði frumvarpið samþykkt. Vegagerðin telur eðlilegt að gætt sé samræmis hvað varðar skyldur til að gæta að öryggi annarra vegfarenda þegar reiðhjólum og smáfarartækjum er lagt. Ekki verður séð að minni kröfur eigi að gera til öryggis þegar um smáfarartæki er að ræða heldur en reiðhjól hvað snertir skyldur notenda til að gæta fyllsta öryggis annarra vegfarenda þegar farartækjunum er lagt. Mikilvægt er að reiðhjól og smáfarartæki séu ekki skilin eftir í alfaraleið þannig að hindri eða trufla aðra vegfarendur sem eiga leið hjá. Það veldur hættu og óþægindum fyrir vegfarendur og því nauðsynlegt að mæla fyrir um það með skýrum hætti að skyldur til aðgæslu hvað þetta varðar séu þær sömu hvort sem um smáfarartæki eða reiðhjól er að ræða.

-----  
Vegagerðin

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir og er Vegagerðin fylgjandi lögfestingu frumvarpsins með ofangreindum breytingum.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar.

Undirskrift

